

Úrskurður 2/2005

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollflokkun á bökunarvörnum Aristo Cake, Aristo Lux og Ladyfruit Miroir Chocolate. Kærandi krefst óbreyttrar tollflokkunar. Tollstjórinn í Reykjavík gerir kröfu um breytta flokkun á Ladyfruit Miroir Chocolate og féllst ríkistollanefnd á þá kröfu en staðfesti að öðru leyti niðurstöðu tollstjóra sem fram var sett í hinum kærða úrskurði.

Tollalög nr. 55/1987 99. gr., 100. gr., 101. gr., 108. gr. Lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Reglugerð nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda 7. gr., 10. gr.

Með bréfi, dags. 15. febrúar 2005, sem barst nefndinni s.d. kærir L. f.h. D. úrskurð tollstjóra, dags. 15. desember 2004, um endurákvörðun gjalda af 43 vörusendingum er innihéldu bökunarvörur. Sendingarnar voru afgreiddar með SMT afgreiðslu. Í hinum kærða úrskurði flokkar tollstjóri vöruna Aristo Cake og Aristo Lux í tnr. 1517.1009 og vöruna Ladyfruit Miroir Chocolate í tnr. 1806.2009 Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og viðurkennt verði að flokka beri vörunar Aristo Cake og Aristo Lux í tnr. 1517.9009 og vöruna Ladyfruit Chocolate í tnr. 2106.9063 eða 2106.9069 og fallið verði frá endurákvörðun gjalda og kæranda endurgreidd endurákvörðuð aðflutningsgjöld og vextir. Til vara að dráttarvextir verði látnir niður falla eða lækkaðir stórlega.

Í málavaxtalýsingu kæranda segir m.a. að með bréfi tollstjóra dags. 8. apríl 2003 hafi kæranda verið fyrst gerð grein fyrir því að tollstjóri hygðist endurákværða aðflutningsgjöld vegna innflutnings kæranda á tilteknum vörusendingum þar sem tollstjóri taldi að tilteknar vörur í sendingunum hefðu verið rangt tollflokkaðar þar á meðal vörunar Aristo Cake og Aristo Lux. Taldi hann að þær ættu að falla undir tnr. 1517.1009 og 1517.1091, en ekki tnr. 1517.9009 eins og þær voru flokkaðar við innflutning. Síðar hafi tollstjóri fallið frá þessari flokkun, og talið að vörunar ættu að falla undir tnr. 1517.1001. Þá segir í kærinni að með bréfi dags 11. maí 2003 hafi kærandi mótmælt fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna ofangreindra vara. Var þess krafist að vörunar yrðu flokkaðar undir tnr. 1517.9009, enda augljóst að tollskrárnúmerið 1517.1001 gæti ekki átt við, eða önnur númer í vörulið 1517. Tollstjóri svaraði bréfi þessu hinn 23. júlí 2003, þar sem tollflokkunarnúmeri umræddra vara var enn breytt, nú taldi tollstjóri að vörur þessar skyldu flokkast undir tnr. 1517.1009 en ekki tnr. 1517.1001 eins og áður.

Með svarbréfi kæranda dags. 28. ágúst 2003 var enn krafist að fallið yrði frá fyrirhugaðri endurákvörðun með vísan til fyrri raka auk þess sem gerð var athugasemd vegna afstöðu tollstjóra varðandi fyrirhugaða tollflokkun á vörutegundinni Ladyfruit Chocolate, sem tollstjóri vildi flokka undir númerið 1806.9039 en varan var flutt inn í tnr. 2106.9069. Taldi kærandi rétt að flytja

vöruna inn undir því númeri eða jafnvel tnr. 2106.9063. Var því einnig krafist að fallið yrði frá fyrirhugaðri endurálagningu aðflutningsgjalda vegna þessarar vöru.

Tollstjóri ítrekaði enn með bréfi dags. 4. febrúar 2004 og aftur með bréfi dags. 27. júlí 2004, að hann hygðist endurávarða aðflutningsgjöld vegna sömu sendinga og áður. Var ítrekuð sú afstaða að vörurnar Aristo Cake og Aristo Lux skyldu falla undir tnr. 1517.1009 og að varan Ladyfruit Chocolate skyldi falla í tnr. 1806.9039. Mótmælum af hálfu kæranda var enn komið á framfæri með bréfi dags. 19. febrúar 2004, og bréfi dags. 7. september 2004.

Það mun hafa verið þann 15. desember 2004 sem tollstjóri hafi loks tekið þá ákvörðun að endurávarða aðflutningsgjöld vegna fyrrgreindra sendinga, sbr. hinn kærði úrskurður. Ekki hafi verið fallist á sjónarmið kæranda og honum gert að greiða samtals kr. 2.422.399,00 auk dráttarvaxta. Greiðslu þessa, samtals að fjárhæð kr. 3.982.415,00 innti kærandi af hendi hinn 27. janúar 2005, með fyrirvara um greiðsluskyldu. Með bréfi dags. 31. janúar 2005, var kæranda enn tilkynnt um mistök þannig að honum bæri að greiða kr. 196.785,00 í viðbót við fyrri greiðslu. Var greiðsla vegna þeirrar viðbótar innt af hendi hinn 3. febrúar 2005.

Kærandi sættir sig ekki við úrskurð þennan og telur að tollstjóri hafa komist að rangri niðurstöðu með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og sjónarmiðum.

Aðalkrafa kæranda er að vörurnar Aristo Cake og Aristo Lux séu þess eðlis að þær geti ekki flokkast í tnr. 1517.1009 líkt og tollstjóri heldur fram, en undir númer þetta falli smjörlíki, þó ekki fljóttandi. Ljóst sé hins vegar að umræddar vörur innihalda engar mjólkurafurðir eða mjólkurfitu líkt og þegar um smjörlíki sé að ræða. Um sé að ræða iðnaðarframleiðslu úr 100% jurtafeyti sem notuð sé til baksturs í stað hefðbundins smjörlíkis. Telur kærandi að líta verði til þessa þegar ákvarðað er hvort um smjörlíki sé að ræða eður ei, þannig að eðli og efnisinnihald varanna ráði tollflokkin hennar fremur en útlit þeirra eða nafngift. Kærandi telur að þau sjónarmið sem ráða niðurstöðu tollstjóra eigi ekki við rök að styðjast, einkum umfjöllun hans um úrskurð ríkistollanefndar í máli nr. 5/2001. Í nefndum úrskurði ríkistollanefndar komi fram að sú vara sem þar er um fjallað, "Latte minarine", sé viðbit sem líkist smjöri en sé ólíkt með tilliti til efnasamsetningar. Vegna þessarar ólíku efnasamsetningar geti umrædd vara ekki talist til smjörlíkis. Ljóst sé því að af þessum úrskurði að það er efnasamsetningin sem ræður því hvort að vara telst til smjörlíkis eður ei, en ekki t.d. nafngift vöru eða útlit. Í máli því sem hér er til umfjöllunar sé ljóst að vörurnar Aristo Cake og Aristo Lux innihalda engar mjólkurafurðir eða mjólkurfitu líkt og venjulegt smjörlíki. Ljóst sé því að vörurnar eru ólíkar smjörlíki að efnasamsetningu og telur kærandi því að þær geti ekki talist til smjörlíkis.

Krafa kæranda hvað varðar vöruna Ladyfruit Chocolate byggir á því að varan eigi að falla undir tnr. 2106.9069 eða tnr. 2106.9063, fremur en tnr. 1806.9039 líkt og tollstjóri heldur fram. Umrædd vara sé þykkt sykursýrópsgel sem borið sé á kökur eða aðrar álíka vörur, og er ætlað að vernda þær gegn skemmdum og gefa þeim glansandi áferð. Uppistaðan í vörunni sé sykursýróp sem innihaldi frekar líti af kakaói. Undir tnr. 2106.9063 falli "Bragðbætt eða litað sykursýróp" og undir 2106.9069 falli aðrar sambærilegar vörur. Kærandi telur ljóst að umrædd vara eigi fremur heima undir þessum númerum en undir vörulið 1806 en undir þann lið falli "Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó."

Þegar allt ofangreint er haft í huga telur kærandi ljóst að umræddar vörur, Aristo Cake og Aristo Lux annars vegar, og Ladyfruit Chocolate hins vegar, geti ekki fallið undir þau tollskrárnúmer sem tollstjóri flokkar hana og krefst þess að tollstjóri falli frá endurálagningu aðflutningsgjalda á ofangreindar vörur.

Verði ekki fallist á kröfur kæranda er þess krafist til vara að dráttarvextir af endurákvörðunarfrjárhæðinni verði felldir niður eða þeir stórlega lækkaðir, enda hafi mál þetta dregist úr hófi án þess að þar ráði atvik er varði kæranda og ekki verði séð að tollstjóri taki tillit til þess í útreikningi dráttarvaxta.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra er aðdragandi úrskurðarins rakinn og taldar upp sendingar þær sem málið varða en þær eru :

E SEL 04 03 2 NL RTM W713
E BRU 22 04 2 NL RTM W706
E BRU 29 07 2 NL RTM W708
E SEL 02 09 2 NL RTM W704
E SEL 01 10 1 NL RTM W704
E LAG 04 12 0 NL RTM W718
F 775 12 02 9 DE CGN 6449
E SKO 26 04 9 NL RTM W706
E BAK 27 09 9 NL RTM W714
E SEL 24 06 2 NL RTM W707
E BRU 08 04 2 NL RTM W702
E GOD 28 06 9 NL RTM W710
E GOD 23 08 9 NL RTM W710
E DET 08 03 9 NL RTM W711
E HAD 05 06 0 NL RTM W714
E MAD 15 05 0 NL RTM W710
E SKO 04 09 0 NL RTM W703
E DET 26 10 8 NL RTM W706
E SEL10 12 1 NL RTM W708
E BRU 27 01 3 NL RTM W706
E BAK 26 06 0 NL RTM W705

E BRU 20 05 2 NL RTM W707
E SEL 28 10 2 NL RTM W702
E BRU 06 05 2 NL RTM W710
E SEL 03 09 1 NL RTM W702
E LAG 15 01 1 NL RTM W703
E MAN 10 04 0 NL RTM W707
E BAK 01 03 9 NL RTM W709
E DET 08 03 9 NL RTM W711
E SEL 10 06 2 NL RTM W708
E BRU 03 06 2 NL RTM W711
E BAK 06 03 2 NL RTM W710
E SEL 12 11 1 NL RTM W 702
D 778 10 02 9 LU LUX 0600
E DET 07 12 8 NL RTM W710
E LAG 09 04 1 NL RTM W710
E MAN 17 07 0 NL RTM W711
E BAK 07 02 0 NL RTM W706
E GOD 29 11 9 NL RTM W703
E SEL 15 10 1 NL RTM W704
E SEL 09 07 1 NL RTM W718
E SEL 02 10 0 NL RTM W706

Athygli er vakin á að í fyrri bréfum misrituðust númer þriggja sendinga en hafa verið leiðrétt í samræmi við aðflutningsskýrslur. Um er að ræða sendingarnar E BRU 22 04 2 NL RTM W706, E SEL 09 07 1 NL RTM W718 og E SEL 02 10 0 NL RTM W706

Þá segir að fram komi í bréfi embættisins frá 8. apríl 2003 að ástæða endurákvörðunar sé sú að um var að ræða ranga tollflokkun á vörum í ofangreindum sendingum.

Forsvarsmönnum fyrirtækisins var gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Í fyrsta bréfinu misritaðist tollflokkunarnúmer vöruhegundanna *Aristo Cake og Aristo Lux* og voru þau mistök leiðrétt með bréfi tollstjóra dags. 16. apríl 2003. Vörurnar skyldu flokkast í tnr. 1517.1009.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í bréfi lögmanns innflytjanda dagsettu 11. maí 2004 hafi verið mótmælt þeirri ákvörðun tollstjóra að tollflokka vörurnar *Aristo Cake og Aristo Lux* tnr. 1517.1001. Andmælin hafi verið rökstudd með því að framangreindar vöruhegundir innihaldi ekki neina

mjólkurfitu og séu iðnaðarframleiðsla en ekki hefðbundið smjörlíki og var þess krafist að vörurnar verði tollflokkaðar í tnr. 1517.9009. Með framangreindum andmælum voru send ljósrít af vörulýsingum beggja vörutegundanna. Vísað er til erlendrar tollflokunar og sent afrit af tölvupósti sem sagt er vera frá Puratos Belgíu og þar komi fram ensk skilgreining á „margarine” og tollskrárnúmerið 1517.9099. Í andmælum kemur einnig fram sá rökstuðningur að vörutegundirnar Aristo Cake og Aristo Lux geti ekki fallið undir tnr. 1517.1009 þar sem það númer eigi aðeins við um smjörlíki. Krafist er að tollstjóri falli frá endurálagningu aðflutningsgjalda á framangreindar vörur. Tollflokun annarra vörutegunda er ekki mótmælt.

Tollstjóri svaraði andmælum þessum með bréfi dagsettu þann 23. júlí 2003 og féll frá því að tollflokka Aristo Cake og Aristo Lux undir tollskrárnúmer 1517.1001 og voru vörurnar nú flokkaðar í tnr. 1517.1009. Með bréfi dagsettu 28. ágúst 2003 andmælir fyrirtækið þeirri tollflokun varanna Aristo Cake og Aristo Lux með sömu rökum og í fyrri andmælum og er í því bréfi vísað til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 5/2001. Einnig er vísað til erlendrar flokkunarframkvæmdar því til stuðnings að flokka beri þessar tvær vörutegundir undir tnr. 1517.9009. Ítrekuð er krafa um að fallið verði frá endurákvörðun aðflutningsgjalda á vörurnar. Ennfremur er í sama bréfi einnig andmælt tollflokun á vörunni Ladyfruit chocolate sem ekki hafði verið andmælt áður. Varan hafði verið tollflokkuð og flutt inn í tnr. 2106.9069 sem tollstjóri telur rangt og flokkar vöruna undir tnr. 1806.9039. Fyrirtækið krefst þess að varan verði flokkuð í tnr. 2106.9069 eða í tnr. 2106.9063 þar sem um sé að ræða sykursýróp sem innihaldi frekar lítið af kakaói.

Tollstjóri sendir að nýju bréf þann 4. febrúar 2004 um fyrirhugaðan úrskurð vegna aðflutningsgjalda vegna sömu sendinga og að framan er greint. Með bréfi dags. 19. febrúar 2004 er fyrirhugaðri endurákvörðun andmælt með vísan til þeirra sjónarmiða, raka og gagna sem fram hafa komið í fyrri bréfaskriftum vegna sama máls.

Tollstjóri svarar andmælum þessum með bréfi þann 27. júlí 2004. Þar er tilgreint að eftirlitsdeild embættisins hafi farið yfir framkomin andmæli og eftir þá yfirferð sé niðurstaða embættisins sú að ekkert hafi komið fram sem breyti niðurstöðu um tollflokun varanna sem ágreiningur er um. Tollflokun skuli vera sú sama og áður hefur komið fram í fyrri bréfaskriftum, þ.e. Aristo Cake og Aristo Lux falli í tnr. 1517.1009 og Ladyfruit Chocolate falli í tnr. 1806.9039. Niðurstaða embættisins byggir á eftirfarandi rökum.

Aristo Cake er samkvæmt vörulýsingu frá framleiðanda, sem innflytjandi sendi embættinu, *100% vegetable margarin for baked pastry* og er matarfeiti í föstu formi með 80% fituinnihaldi ætlað til bakstur á formkökum og fínna brauði eins og tekið er fram á vörulýsingu „*Aristo Cake can be used in replacement of butter in all confectionery recipes*”. Samkvæmt því er vörunni ætlað að koma í stað smjors í bakstri. Í vörulýsingu er notað margarine sem þýðist á íslensku smjörlíki.

Aristo Lux er samkvæmt innsendum gögnum *100% vegetable margarin for rolling in puffpastry* og er matarfeiti í föstu formi með 80.2 % fituinnihaldi og ætlað til framleiðslu á smjördeigi (stundum kallað blaðdeig). Um er að ræða vöru sem er ætlað að koma í stað smjors við bakstur. Í vörulýsingu notað margarine.

Ekki er deilt um vörulið vegna þessara vörutegunda heldur undirliði. Innflytjandi krefst þess að varan verði tollflokkuð í tnr. 1517.9009 sem annað vegna þess að vörurnar innihaldi enga mjólkurfitu. Máli sínu til stuðnings vísar innflytjandi til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 5/2001 og því haldið fram að þar hefði ákvörðun tollstjóra verið felld úr gildi vegna þess að vara sú sem um var deilt innihélt ekki neina mjólkurfitu. Í úrskurði þessum er um að ræða fitu til mannelis nánar tiltekið „Latte minarine” sem er viðbit og er ekki hæft til baksturs né steikingar. Í úrskurði ríkistollanefndar segir: „Varan *“Latte minarine”* er viðbit sem líkist smjöri í útliti og áferð en er

ólíkt með tilliti til efnasamsetningar. Efnasamsetningin hefur þau áhrif að ekki er hægt að nota slíkt viðbit á sama hátt og hefðbundið smjör eða smjörlíki, þ.e.a.s. ekki er hægt að nota það til steikingar eða baksturs. [...] Ljóst er að vara þessi inniheldur ekki mjólkurfitu í mælanlegu magni. Eins og áður hefur komið fram getur vara þessi ekki talist smjörlíki vegna efnasamsetningar.” Af þessum orðum ríkistollanefndar má sjá að það er ekki einungis vöntun á mjólkurfitu sem er ákvarðandi um tollflokkun heldur efnasamsetning vörunnar í heild sem gerir að hún er hvorki smjör eða smjörlíki og fellur því í tollflokk 1517.9009. Verður því ekki fallist á þau rök innflytjanda að Aristo Cake og Aristo Lux eigi að flokkast í tollflokk 1517.9009 vegna þess að vörunnar innihaldi ekki mjólkurfitu. Í vörulið 1517- fellur; Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr.1516. Undirliður 1517.1001 Annað: sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd. 1517.1009 annað, sem er næsti undirliður og er þar enginn áskilnaður um innihald mjólkurfitu. Vörunnar Aristo Cake og Aristo Lux fylla því öll skilyrði tollflokunar í 1517.1009. Hafnað er kröfu innflytjanda um aðra tollflokkun á þessum vörum.

Gjaldamunur er á tollflokkan fyrirtækisins við tollafgreiðslu og tollflokkan samkvæmt endurákvörðun tollstjóra. Á tollnúmeri 1517.1009 hvílir A1 tollur 60 kr/kg og 14% virðisaukaskattur en á tnr. 1517.9009 hvílir 14% virðisaukaskattur. Aðflutningsgjöld hækka því á vöruhegundirnar Aristo Lux og Aristo Cake.

Ladyfruit Chocolate (Ladyfruit Miroir Chocolate) er samkvæmt vörulýsingu tilbúinn sykurhjúpur til húðunar á kökum og ávöxtum „ glaze” sem kallast í daglegu máli á íslensku „glassúr” og inniheldur ásamt öðru „cocoa powder” magn er ekki tilgreint. Innflytjandi vill tollflokka vöruna í tollskrárnúmerið 2106.9063 vegna þess að varan innihaldi lítið sem ekkert kakaó eða í tollskrárnúmer 2106.9069 sem er annað. Samkvæmt tollskrá er 2106.9063 bragðbætt eða lítað sykursýróp.

18. kafli tollskrár tekur sérstaklega til kakaós og framleiðslu úr kakaói og í athugasemdum við þann kafla segir:

1. Til þessa kafla telst ekki framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1904, 2105, 2205, 3003, eða 3004.
2. Til 1806 teljast sætindi sem innhalda kakaó svo og önnur matvæli sem innhalda kakaó, leiði ekki annað af 1. athugasemd.

Enginn áskilnaður er gerður í tollskrá um hlutfall kakaós af heildarmagn vöru. Embættið telur að þar sem framangreind vara innihaldi kakaó og er að uppistöðu sykur og sykurefni falli hún undir tnr. 1806.9039. Hafnað er kröfu innflytjanda um aðra tollflokkan.

Gjaldamunur er á tollflokkan fyrirtækisins við tollafgreiðslu og tollflokkan samkvæmt endurákvörðun. Á tollnúmeri 1806.9039 hvílir A tollur 20% og A1 tollur 48 kr/kg, virðisaukaskattur 24,5 % vörugjald 60 kr/kg. Á tnr. 2106.9063 hvílir virðisaukaskattur 24,5 %, vörugjald 30 kr/kg. Aðflutningsgjöld hækka því á Ladyfruit Chocolate.

Niðurstaða embættisins er samkvæmt framansögðu að tollflokkan hafi verið röng og eru því aðflutningsgjöld endurákvörðuð samkvæmt réttri tollflokkan.

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna framangreindra sendinga er sem hér segir:

Höfuðstóll	kr.	2.422.399,-
Dráttarvextir til 15.12.04	kr.	1.484.749,-
Samtals	kr.	3.907.148,-

Meðfylgjandi úrskurðinum er sundurliðun gjalda vegna einstakra sendinga.

Þá segir að úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda sé byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Tollstjóra er heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi þegar um er að ræða SMT afgreiðslu, sbr. 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Allar framangreindar sendingar voru afgreiddar með SMT afgreiðslu.

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum, er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Dráttarvextir reiknast frá eindaga til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 16. febrúar 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 29. mars s.á. segir tollstjóri að kærandi geri ekki athugasemd við flest atriðin í endurákvörðun tollstjóra. Eftir standi ágreiningur um tollflokkun á þremur vörutegundum. Tvær tegundir af feiti, Aristo Cake og Aristo Lux sem samkvæmt vörulýsingum framleiðanda eru jurtasmjörliki til nota við bakstur, „vegetable margarine“, og sykurhjúpur til húðunar á kökum og ávöxtum, Ladyfruit Miroir Chocolate.

Tollstjórinn í Reykjavík telur niðurstöður í hinum kærða úrskurði ítarlega rökstuddar og að sjónarmið kæranda eigi ekki við. Tollstjóri leitast við að gera stuttlega grein fyrir helstu atriðum en að öðru leyti vísar hann til hins kærða úrskurðar.

Aristo Cake og Aristo Lux eru samkvæmt vörulýsingu frá framleiðanda, sem innflytjandi sendi embættinu, 100% vegetable margarin. Varan er matarfeiti í föstu formi með um 80% fituinnihaldi ætlað til baksturs í stað smjörs. Ekki er deilt um vörulið vegna þessara vörutegunda heldur er ágreiningur um undirliði. Innflytjandi krefst þess að varan verði tollflokkuð í seinni undirlið vöruliðarins: -Annað, þar sem hún innihaldi enga mjólkurfitu og geti af þeim sökum ekki talist smjörliki. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til fyrri úrskurðar ríkistollanefndar.

Tollstjóri hélt því fram að upplýsingar framleiðanda bæru með sér að hér væri um að ræða smjörliki, margarine, þ.e. að hér væri um að ræða matjurtafeiti sem kæmi í stað smjörs og bæri því að flokka í fyrri undirlið vöruliðarins: *Smjörliki, þó ekki fljótandi smjörliki*. Jafnframt að varan í úrskurði ríkistollanefndar væri ekki sambærileg þar sem þar var um að ræða vöru með uppfyllingarefnum og mun minni fitu sem gerðu hana óhæfa til steikingar eða baksturs. Og af þeirri ástæðu gæti sú vara ekki talist smjörliki.

Til stuðnings þessum skilningi tollstjóra má benda á (A) lið af skýringum við vörulið 1517 úr skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO). Þar er lýst þeirri vöru sem flokkast í fyrri undirlið vöruliðarins, þ.e. smjörliki. Megininntakið í þessum skýringum er að smjörliki sé þéttur massi, venjulega gulleitur, gerður úr fitu eða olíu úr dýra- eða jurtaríkinu eða blöndu þeirra. Smjörliki sé þeyta olíu og vatns, venjulega gert til þess að líkjast smjöri í útliti, þéttleika, lit o.fl. Hvergi komi fram að smjörliki þurfi endilega að innihalda mjólkurafurðir eða mjólkurfitu.

Samkvæmt tæknilegum upplýsingum, sem innflytjandi lætur fylgja með kærinni, er „Ladyfruit Miroir Chocolate“ kökukrem sem inniheldur m.a. glúkósasýróp, vatn, sykur og kakaóduft. Í samræmi við 1. almennu túlkunarreglu tollskrár ber að flokka vöru eftir orðalagi vöruliða og athugasemdum við viðeigandi kafla og flokka. Athugasemd 2 við 18. kafla tollskrár hljóðar svo: „Til nr. 1806 teljast sætindi sem innihalda kakaó svo og önnur matvæli sem innihalda kakaó, leiði ekki annað af 1. athugasemd við þennan kafla.“ Athugasemd 1 við kaflann hljóðar svo: „Til þessa kafla telst ekki framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1904, 1905, 2105, 2202, 2208, 3003 eða 3004.“

Af ofantöldu sést að matvæli sem að öðru jöfnu myndu flokkast í vörulið 2106 flokkast í vörulið 1806 þegar þau innihalda kakaó og skiptir engu máli hvort um er að ræða mikið eða lítið magn. „Ladyfruit Miroir Chocolate“ telst matvæli sem inniheldur kakaó, og getur ekki flokkast í þá vöruliði sem taldir eru upp í athugasemd 1 við 18. kafla og ber því að flokka í vörulið 1806 á grundvelli 1. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 2 við 18. kafla hennar.

Með úrskurði tollstjóra var varan tollflokkuð í tnr. 1806.9039. Við nánari skoðun á aðflutningsskjölum og upplýsingum framleiðanda hefur komið í ljós að varan er seld í 5 kg fötum og bera aðflutningsskjöl það með sér að hún hafi komið til landsins í þannig umbúðum. Því ber að flokka hana í annan undirlið vöruliðar 1806, sbr. 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Varan inniheldur ekki nýmjólkur- eða undanrennuduft og ber því að flokka hana í tnr. 1806.2009. Breyting þessi hefur í för með sér gjaldalækkun og munu innflytjanda verða endurgreidd oftekin gjöld ásamt vöxtum.

Í varakröfu kæranda, í kæru til ríkistollanefndar, er þess krafist að dráttarvextir verði felldir niður af kröfunni eða stórlega lækkaðir þar sem afgreiðsla málsins hafi dregist úr hófi án þess að kæranda verði um kennt. Á það er bent að í bréfi embættisins þann 04. febrúar 2004 hafi verið vikið að því að tillit yrði tekið til þess dráttar sem varð á afgreiðslu málsins af hálfu embættisins. Þessa tillits hefði þó ekki orðið vart þar sem dráttarvextir hafi verið reiknaðir að fullu á allar kröfur.

Lagaheimild er ekki fyrir hendi til að falla frá dráttarvöxtum alfarið. Embætti tollstjóra hefur hins vegar farið yfir gögn málsins og niðurstaðan orðið sú að ákveðið hefur verið að falla frá kröfu um dráttarvexti á umrædda kröfu sem svarar til þess tíma sem dráttur varð á afgreiðslu málsins af hálfu embættisins, sbr. 4. mgr., 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Dráttarvextir eru því reiknaðir til og með 28. september 2003. Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar í tollakerfi til lækkunar dráttarvaxta, sem þessu nemur. Þar sem kærandi hefur þegar greitt þá dráttarvexti sem áður höfðu verið ákvarðaðir munu honum einnig verða greiddir inneignarvextir af ofgreiddri upphæð skv. 6. mgr. 99 gr. tollalaga nr. 55/197, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

Með vísan til þess er að ofan greinir og að öðru leyti með vísan í hinn kærða úrskurð, er þess krafist að tollflokun í tnr. 1517.1009 á vörunum Aristo Cake og Aristo Lux í úrskurði tollstjórans í Reykjavík um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags 15. desember 2004, verði staðfest. Staðfest verði einnig tollflokun á Ladyfruit Miroir Chocolate í vörulið 1806 en í tnr. 1806.2009 í ljósi þess að varan er í 5 kg umbúðum.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með bréfi dags. 29. mars 2005. Í svari kæranda sem barst nefndinni þann 13. apríl 2005 segir m.a að hann sjái ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við greinargerð tollstjóra en ítrekar fyrri kröfur og vísar um röksemdir til kæru og fyrirbyggjandi gagna. Kæranda þykir þó rétt að eftirfarandi sjónarmiðum og kröfum sé komið á framfæri:

Í fyrsta lagi er haldið fast við þá kröfu að vöruna Ladyfruit Chocolate beri að flokka undir tnr. 2106.9069 eða 2106.9063. Telji ríkistollanefnd hins vegar ekki efni til þess að fallast á þá kröfu er til vara fallist á þá breytingu sem gerð hefur verið grein fyrir í greinargerð tollstjóra í kjölfar þess að í ljós kom að varan var flutt inn í 5 kg fötum, þ.e. að varan falli undir tollflokunarnúmer 1806.2009.

Í öðru lagi er þess krafist að dráttarvextir verði felldir að fullu niður með hliðsjón af þeim hringlandahætti með tollflokunarnúmer sem tollstjóri hefur viðhaft og þeim mikla drætti sem orðið hefur á málinu og er vísað til rökstuðnings í kæru. Í þessu sambandi hafnar kærandi þeim rökum tollstjóra að ekki sé lagaheimild til þess að falla *alfarið* frá dráttarvöxtum. Skv. 8. mgr. 99. gr. laga nr. 25/1987 fer um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum eftir ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú lög nr. 38/2001. Af þeim lögum verður ráðið, sbr. 5. gr., að það sé *heimilt* að krefjast dráttarvaxta af kröfu, ekki *skylda*. Verður ekki séð að önnur ákvæði tollalaga eða annarra laga kveði á um skyldu embættisins til þess að krefjast dráttarvaxta. Vegna þessa er

ljóst að tollstjóraembættinu eða ríkistollanefnd, sé heimilt að kveða á um algjöra niðurfellingu dráttarvaxta.

Telji ríkistollanefnd hins vegar ekki ástæðu til að fella dráttarvexti að fullu niður er þess krafist til vara að fallist verði á þá lækkun sem að tollstjóri hefur þegar ákveðið.

Að lokum eru fyrri sjónarmið og kröfur ítrekaðar en kærandi áskilur sér rétt til þess að koma að frekari málsástæðum, sjónarmiðum og/eða gögnum gefist tilefni til við frekari meðferð málsins.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem aðilar hafa lagt fram. Sendingar þær sem hér er deilt um tollflokkan á komu til landsins samkvæmt sendingarnúmerum á tímabilinu september 1998 til október 2002. Um er að ræða tvær tegundir af bökunarfeiti, Aristo Cake og Aristo Lux sem er samkvæmt innihaldslýsingum framleiðanda 100% jurtasmjörliki til nota við bakstur, „vegetable margarine“, í 2 kg. umbúðum. Innflytjandi flutti inn vöruna í tnr.1517.9009 og krefst þess í kröfugerð sinni að hún verði flokkuð þar. Tollstjóri krefst þess í hinum kærða úrskurði að varan verði tollflokkuð í tnr. 1517.1009. Þá er deilt um flokkan á Ladyfruit Miroir Chocolate sem er kókuhjúpur sem inniheldur sykur og kakaóduft. Innflytjandi vill tollflokka vöruna í tnr. 2106.9063 eða 2106.9069. Í hinum kærða úrskurði er gerð krafa um að varan verði flokkuð í tnr.1806.9039. Tollstjórinn í Reykjavík tekur undir kröfu tollstjóra um flokkan á Aristo Cake og Aristo Lux í tnr. 1517.1009 en gerir kröfu í greinargerð sinni um að varan Ladyfruit Miroir Chocolate verði flokkuð í tnr. 1806.2009 þar sem varan sé í 5. kg. umbúðum.

Nefndarmenn hafa yfirfarið þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í innihaldslýsingu á Aristo Cake og Aristo Lux kemur fram að um sé að ræða 100% jurtasmjörliki til að nota í bökunardeig. Smjörlikið er gulleitt á litinn. Efnainnihald vörunnar eru unnar jurtaolíur (refined vegetable oils), að hluta til hert jurtaolía (partly hydrogenated), vatn, salt, bindiefni: E471 (mónó- og díglýseríð fitusýra), sýrustillar: E330 sítrónusýra(citric acid), rotvarnarefni (preservatives) E202 Kalíumsorbat, E 200 Sorbínsýra, litarefni: E160a(Beta-karótín), þráavarnarefni (antioxidant): E307 (alfa-Tókóferól)og bragðefni. Þá kemur fram að fituinnihald Aristo Lux sé 80,2 en í Aristo Cake 80,0 grömm í hverjum 100 grömmum. Ennfremur að prótein sé minna en 0,2 g1 og Sodium innihald Aristo Lux. sé 600 milligrömm en 150 í Aristo Cake. Þá er vörunni ýmist pakkað í 2 kg. Eða 2,5 kg. pakkningar

Í fyrstu skiptingu vöruliðar 1517 í tollskrá segir :„Smjörliki, þó ekki fljótandi smjörliki“. Að mati nefndarmanna er varan Aristo Lux og Aristo Cake smjörliki sem ber að flokka í tnr. 1517.1009 með vísan til 1 og 6 liðar almennra reglna um túlkun tollskrár og framkominna röksemda í hinum kærða úrskurði tollstjóra.

Kærandi vísar til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 5/2001 þar sem fjallað var um vöruna “Latte manarine”. Ríkistollanefnd úrskurðaði að tollflokka bæri nefnda vöru í tnr. 1517.9009. Fram kom í umfjöllun ríkistollanefndar að varan geti ekki talist til smjörlikis vegna efnasamsetningar hennar. Þá var það tekið fram að ekki væri unnt að nota vöruna eins og smjör eða smjörliki þ.e.a.s. til baksturs eða steikingar. Það er því nokkuð ljóst að varan Aristo Lux og Aristo Cake sem hér er verið að fjalla um er ekki sams konar vara og sú sem fjallað var um í úrskurði 5/2001.

Varan Ladyfruit Miroir Chocolate er sykurhjúpur sem inniheldur glúkósasýróp, vatn, sykur, kakaóduft, hleypiefni (pektín eða E440) og sýrustilla (vínsýru eða E334).

Í athugasemdum við kafla 18. í tollskrá segir :

1. „Til þessa kafla telst ekki framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1904, 1905, 2105, 2202, 2208, 3003 eða 3004.“

2. Til nr. 1806 teljast sætindi sem innihalda kakaó svo og önnur matvæli sem innihalda kakaó, leiði ekki annað af 1. athugasemd við þennan kafla.

Ljóst er að samkvæmt innihaldslýsingu inniheldur varan Ladyfruit Miroir Chocolat kakaó og því ber skv. ofanskráðu að flokka hana í kafla 18 í tollskrá. Í aðra skiptingu vöruliðar 1806 flokkast súkkulaði og vara sem inniheldur kakaó sem pakkað er í 2 kg umbúðir eða meira. Fram kemur að vörunni Ladyfruit Miroir Chocolate er pakkað í 5 kg. fötur. Nefndarmenn fallast á þá breytingarkröfu tollstjórans í Reykjavík að flokka beri vöruna í tnr. 1806.2009 þar sem hún sé í 5. kg. umbúðum.

Ríkistollanefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar í vaxtaútreikningi á kröfunni, sem fram koma í greinargerð tollstjórans í Reykjavík, þar sem tillit er tekið til þeirra tafa sem urðu við málsmeðferð tollstjóra. Þrátt fyrir þetta vill ríkistollanefnd leggja áherslu á mikilvægi þess að tollstjóri haldi sér innan lögmæltra fresta sbr. 99. gr. tollalaga. Það er brýnt af hálfu tollstjóra þegar hann hefur tekið ákvörðun um að endurupptaka tollafgreiðslu máls að málsmeðferðinni sé haldið áfram í eðlilegri samfellu.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, staðfestir ríkistollanefnd tollflokkun tollstjórans í Reykjavík á “Aristo Cake” og “Aristo Lux” í tnr. 1517.1009 og flokkun á “Ladyfruit Miroir Chocolate” í tnr. 1806.2009.